




PREVENTING AND FIGHTING EARLY LEAVING
FROM EDUCATION & TRAINING WITH AI



Um stAI

Samkvæmt CEDEFOP (2013) nemur brottfall úr námi og þjálfun (ELET) 1,25% af vergri landsframleiðslu Evrópu, og árið 2018 voru 10,6% einstaklinga á aldrinum 18-24 ára í Evrópu brottfallnir úr námi. Ísland er með eitt hæsta hlutfallið, eða 20%, og lönd eins og Portúgal (25%), Rúmenía (15,6%) og Ítalía (13,1%) eru einnig með hátt hlutfall brottfalls.

stAI verkefnið er tileinkað því að draga úr meðalhlutfalli brottfalls úr námi með fjölpættum aðgerðum.

Þetta felur í sér að greina lykiláhættupætti sem stuðla að brottfalli úr námi, koma með tillögur að áhrifaríkum inngrípum, nýta þekkingardrifin gervigreindarkerfi við ákvarðanatöku og veita stefnumótendum ráðgjöf um innleiðingu umbóta í menntakerfinu.

Í ÞESSU HEFTI

UM VERKEFNI

SAMSTARFSHÓPURINN

ÁRANGUR

VINNUPAKKI 2

NÆSTU SKREF

Samstarfshópurinn

Umsjónaraðili:

Haskóli Íslands - School of Education



Samstarfsaðilar:

- VUB - Artificial Intelligence Lab (BE)
- CRESfb - Centro di Ricerche e Studi Europei-future business (IT)
- Scuolattiva Cooperativa Sociale Onlus (IT)
- Colegiul Național de Artă "Octav Băncilă" (RO)
- Escola Secundária Dr. José Afonso (PT)
- A & A Emphasys Interactive Solutions Ltd (CY)

Árangur

Kortlagning á helstu áhættuþáttum brottfalls:

Undanfarna mánuði hefur samstarfið að mestu unnið að Verkpakka 2, með það að markmiði að kortleggja helstu áhættuþætti brottfalls úr námi og þjálfun (ELET). Megintilgangur VP2 er að greina helstu áhættuþætti sem stuðla að brottfalli og koma með tillögur að áhrifaríkum inngripum með hjálp gervigreindar í öllum þátttökulöndunum til að bregðast við þessum vanda. VP2 fól í sér að taka viðtöl við kennara og annað starfsfólk skóla ásamt stefnumótendum til að greina áhættuþætti og möguleg inngrip til þess að draga úr brottfalli.

Kynning og miðlun verkefnisins

Þann 16. október 2024 var ERASMUS+ stAl verkefnið kynnt fyrir 59 áhorfendum, aðallega kennurum, skólastjórum og stjórnendum skóla, í Kennaramenntunarmiðstöðinni í Almada, AlmadaForma í Portúgal.

Á fundinum kynnti prófessor Rui Baltazar meginmarkmið stAl verkefnisins, sem vakti áhuga meðal fundargesta. Einnig var áhorfendum boðið að fylgjast með samfélagsmiðlum og heimasíðu verkefnisins til að fá reglulegar upplýsingar um framvindu þess.

Á viðburðinum voru aðilar frá sjónvarpsstöðinni Almada TV viðstaddir.



Annar alþjóðlegi fundurinn

Þann 3. og 4. október 2024 fór annar fundur verkefnisins fram í Nicosia á Kýpur. Á fundinum fór stAl samstarfshópurinn yfir alla verkpakka og framvindu hvers þeirra. Liðið ræddi einnig tímalínu verkefnisins og útlistaði þau verkefni sem þarf að klára.

Fylgist með næsta samstarfsfundi sem verður haldinn í Lissabon í maí 2025!



Næstu skref

Nú þegar búið er að greina helstu áhættuþætti brottfalls vinnur teymið að tillögum um áhrifarík inngrip til að draga úr brottfalli, ásamt því að kortleggja aðferðir sem hafa borið árangur og önnur verkefni í Evrópu sem vinna að sama markmiði.

**Skannið QR kóðann til að fá frekari
upplýsingar um verkefnið!**

VERTU Í SAMBANDI

WWW.STAI-EDU.EU



Co-funded by the
Erasmus+ Programme
of the European Union

This project has been co-funded with support from the European Commission. This communication reflects the views only of the author, and the Commission cannot be held responsible for any use which may be made of the information contained therein. Project number: 2023-1-IS01-KA220-SCH-000157308